Deiliskráning við Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnsfell



Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2021
FS859-21371

Forsíðumyndin er af suðurhluta úttektarsvæðis við Sigöldu. Horft er til suðvesturs. Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.

©2021
Fornleifastofnun Íslands ses

Bárugata 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu fornminja við þrjár vatnsaflstöðvar Landsvirkjunar: Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnsfell í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Deiliskráningarsvæðin voru samanlagt um 201 ha. Miklar framkvæmdir og jarðrask hafa átt sér stað innan þessarra svæða síðustu áratugi. Fornleifaskráningin var unnin á haustmánuðum 2021 að beiðni Landsvirkjunar. Engar minjar fundust innan deiliskráningarsvæðanna.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Hrauneyjar, Sigalda, Vatnsfell, Landsvirkjun, Rangárþing ytra, Ásahreppur

Summary

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out around three power stations: Hrauneyjar, Sigalda and Vatnsfell in Rangárþing ytra and Ásahreppur municipalities. The surveyed areas were in total about a 201 ha. Major construction work has already taken place in a large part of the area in the last decades. The survey was commissioned by Landsvirkjun and fieldwork was undertaken in the autumn of 2021. No sites were surveyed within the areas.


Keywords: Archaeology, detailed survey, Landsvirkjun, Hrauneyjar, Sigalda, Vatnsfell, Landsvirkjun, Rangárþing ytra, Ásahreppur

Efnisyfirlit

1. Inngangur 6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu 10
4. Samantekt um sögu svæðis og landshætti 12
Heimildir 21
Viðauki: Yfirlitskort 22

1. Inngangur

Haustið 2021 hafði verkefnastjóri hjá Landsvirkjun samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan fjögurra deiliskipulagssvæða við vatnsaflsstöðvarnar Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnsfell. Deiliskráningarvæðin eru samanlagt um 201 ha stór og eru á mörkum Landmannaafréttar- og Þóristungna, í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Ásahreppi.



Staðsetning deiliskráningarsvæðanna eru sýnd sem rauðir punktar á Íslandskortinu.

Fornleifaskráningin fór fram um mánaðarmótin september/október 2021 og farið var kerfisbundið um öll deiliskráningarsvæðin í leit að minjum. Um vettvangsskráningu sáu fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands aðalskráð minjar á báðum þessum afréttum.[1] Áður en fornleifaskráningin hófst var ekki vitað um fornleifar innan svæðanna og kerfisbundnar göngur leiddu ekki minjar í ljós.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar en þó með styttra sniði. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minja-

[1] Sólveig Guðmundsdóttir Beck (ritstjóri) 2009; Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri) [væntanleg].

vernd og í þeim þriðja er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina. Í fjórða kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu, umfjöllun um fornleifar nærri deiliskipulagsmörkum og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá og kort sem sýnir deiliskráningarsvæðin.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðirþarsemaflaðvarfanga,svosemleifarafseljum,verstöðvum,bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-239:001). Svæðið sem deiliskipulagsreitirnir ná yfir falla undir Þóristungur RA-674 og Landmannaafrétt RA-673.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Svo vitað sé til hefur helsta nýting deiliskráningarsvæðanna fyrr á öldum verið til beitar. Afréttir þriggja hreppa voru innan þess, Ása-, Holtamanna- og Landmannahrepps. Í dag tilheyrir það sveitarfélögunum Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Milli Þóristungna, sem nú tilheyra Ásahreppi, og Landmannaafréttar, sem nú tilheyrir Rangárþingi ytra, skilur Tungnaá og eru deiliskráningarsvæðin við Hrauneyjar og Sigöldu þar á mörkum sveitarfélaganna en deiliskráningarsvæðin við Vatnfell eru norðvestar, að fullu innan Ásahrepps.

RA-674 Þóristungur

Þóristungur eru miðhluti Þjórsártungna hinna fornu og takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Norðurmörk eru óljós en leitarsvæði náði ekki lengra norður en á móts við Illugaver á Holtamannaafrétti.

„[Frá því um miðja 19. öld reka] bændur í Landssveit ... almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvenær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst ... Hross hafa eigi verið rekin á Þóristungur síðan 1881, en um annan stað er ekki að ræða fyrir hross á afréttum þessum, og þau því síðan gengið allt árið í heimahögum. Smölun þeirra á afrétti er óþekkt núlifandi mönnum.“[2]

„Um og eftir miðja síðustu öld voru trippi rekin á Þóristungur og höfð þar á sumrin. Síðast voru þau rekin þangað árið 1881. Þau voru alltaf rekin yfir ána á Tangavaði. / Þegar hætt var að reka trippi á Þóristungur, tóku 7 bændur úr Holtamannahreppi, nú Áshreppi, sig saman og ráku kindur þangað.“[3]

Þóristungur „eru sandöldur með mýrarverum og allgóðum gróðri með kvíslum og giljum, sem mikil hvönn óx í að fornu, en er nú horfin að mestu. Þangað var farið á rótar- og grasafjall fram til 1880.“[4] Hvanngil heitir líka langt inn með Köldukvísl gegnt Sauðafelli á Holtamannaafrétti.[5] Á Þóristungum eru víða örnefni sem minna á hestaafréttinn s.s. Trippavað á Köldukvísl

[2] GR I, 257-58.

[3] GR I, 323.

[4] GR I, 300.

[5] GR I, 317.

við Miðtungur, Trippagil og Trippagilsalda inn með Köldukvísl.[6] Fjallagrös eru sunnarlega með Þórisvatni og heitir Grasatangi sem gengur út í vatnið í suðvesturhorni þess.[7]

RA-683 Landmannaafréttur

„Afrétt á jörðin sem aðrar í Landamannahrepp, sem af flestum búendum á Landi er haldinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamanna-hreppi brúkað hann til fjelags með Landamönnum og Landmenn í sama máta Holtmanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná og vita menn ekki fyrir víst, hver afrjettur hverri sveit með rjettu framar tilheyrir.“[8]

Landmannaafréttur nær frá norðurhlíðum Heklu, um há-Torfajökul að Kirkjufellsvatni og ós, er úr því fellur í Tungnaá. Landmenn eiga einnig afrétt norðan við Tungnaá í Veiðivötnum (RA-684) en Tungnaá ræður merkjum við afrétti Holtamanna.

„Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna.“[9]

Lambafit - stór grasflöt sem var með fram Helliskvísl, sem Lambafitjahraun frá 1913 dregur nafn sitt af, rann það yfir fitina og huldi með öllu. Hafði það verið siður Landmanna að sleppa þar fráfærulömbum á vorin, er þau voru rekin á fjall.[10]

---

[6] *Uppdráttur Íslands 57 Hekla* 1944.

[7] GR I, 317; Örnefnasjá Landmælinga Íslands.

[8] JÁM I, 281.

[9] GR I, 257.

[10] HB Sumar, 75-76.

Hrauneyjafoss

Hrauneyjafossstöð var reist á árunum 1977-1981 og er þriðja stærsta raforkuver landsins. Deiliskráningarsvæðið er um 4,3 km að lengd og breiðast tæpir 0,5 km, alls 83,3 ha að stærð. Norðurendi svæðisins er í Þóristungum, um 1,1 km norður af Hrauneyjarfossstöð, og liggur það til suðurs meðfram aðrennslisskurði frá Sporðöldulóni að Hrauneyjarfosstöð og áfram meðfram varnargarði sem afmarkar vesturhlið Hrauneyjarlóns.



Nyrsti hluti úttektarsvæðis við Hrauneyjar, horft til norðurs. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.



Úttektarsvæði við Hrauneyjafoss. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Sigalda

Sigöldustöð var reist á árunum 1973-77 og frárennslisskurður tengir hana við Hrauneyjafossstöð. Deiliskráningarsvæðið er á milli Hrauneyjarlóns og Krókslóns. Það er rúmir 2,5 km á lengd og breiðast rúmir 1,1 km, alls 81,6 ha að stærð. Það liggur umhverfis Sigöldustöð og í suðvestur meðfram skurði í Krókslón en nær einnig yfir svæði við Tungnaá vestan við Krókslón sem afmarkað er með stíflum að sunnan og austan.



Suðurhluti úttektarsvæðis við Sigöldu, horft til norðausturs. Ljósmynd: Kristjana Vilhjálmsdóttir.



Úttektarsvæði við Sigöldu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Vatnsfell


Vatnsfellsstöð var reist á árunum 1999-2001 og nýtir fallið í veituskurði á milli Þórislóns og Krókslóns sem er uppistöðulón Sigöldustöðvar. Deiliskráningarsvæðið við Vatnsfell skiptist í tvennt. Annars vegar er um að ræða 29,2 ha svæði sem liggur fast vestan við Vatnsfellslón og umhverfis Vatnsfellsstöð. Það er um 1 km á lengd og 0,8 km á breidd. Hins vegar er 7 ha svæði, um 0,5 km langt og tæplega 0,3 km breitt, sem nær umhverfis mannvirki við Vatnsfellslón norðan við stöðina



Vestasti hluti úttektarsvæðis við Vatnsfell, horft til suðurs. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Svæðin umhverfis virkjanirnar eru að mestu lítt grónar grjót- og sandöldur, að nyrsta hluta deiliskráningarsvæðis við Hrauneyjafossstöð frátöldu. Áður var þó meira graslendi í Þóristungum og á nokkrum stöðum meðfram Tungnaá sem að mestu hafa farið undir lón.[11] Ekki fundust minjar innan deiliskipulagssvæða við skráninguna. Svæðin fjögur eru mikið röskuð vegna ýmissa framkvæmda en þar eru m.a. raflínur, stöðvarhús, vegslóðar, skurðir, stíflu- og varnargarðar. Miðað við

[11] Sbr. *Uppdráttur Íslands 57 Hekla* 1944.



Úttektarsvæði við Vatnsfell. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

sögu svæðisins og landshætti má þó einnig telja ólíklegt að fornleifar hafi verið að finna á svæðinu áður en framkvæmdir hófust. Deiliskráningarsvæðin eru fjærri þekktum leiðum enda þótti Tungnaá erfið yfirferðar.

Við aðalskráningu voru skráðar minjar nærri Hrauneyjafossstöð, innan afréttarins í Þóristungum RA-674. Varða RA-674:012 og tjaldstæði RA-674:004 voru um 1,3 km norðvestur af norðurenda deiliskráningarsvæðis við Hrauneyjafossstöð. Ferjustaður RA-674:009 á Tungnaá var einnig í Þóristungum, um 2,2 km norðvestur af Hrauneyjafossstöð. Bæði tjaldstæðið og ferjustaðurinn eru horfin undir Sporðöldulón. Fleiri minjar sem einnig fóru undir vatn voru um 3,9 km norðaustur af Hrauneyjafossstöð: rétt í Byrgisveri (RA-674:006) og Tryppavað yfir Köldukvísl (RA-674:011). Uppgröftur fór fram á réttinni árið 2009 og reyndist hún byggð skömmu eftir 1721 en undir henni var eldra mannvirki, líklega byggt eftir 1636.[12]

Ekki eru þekktar minjar í nágrenni Sigöldustöðvar né Vatnsfellsstöðvar. Tjaldstæði (RA-674:005) var við Tjaldkvísl, um 4,8 austur af við Sigöldu og 4,2 km suður af Vatnsfelli. Nánari upplýsingar um þessar minjar má finna í skýrslu um fornleifar í Ásahreppi frá 2009.[13]

[12] Oscar Aldred 2009.

[13] Sólveig Guðmundsdóttir Beck (ritstjóri) 2009.

Í lok skýrslu er rétt að vekja athygli á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildir

GR I: Bragi Sigurjónsson. 1983. *Göngur og réttir I: Skaftafells- og Rangárvallasýslur*. Akureyri: Skjaldborg.

HB Sumar: Hjörtur Björnsson. 1940. *Sumar á fjöllum.* Reykjavík: Ísafold.

JÁM I: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, I. bindi Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.* 1913-1917. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). [væntanleg]. *Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra, áfangaskýrsla nr. 5.* FS667-06195. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Oscar Aldred. 2009. *Rétt við Búðarhálsvirkjun: Archaeological Investigations. Framvinduskýrsla/ Interim Report.* FS428-09031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck (ritstjóri). 2009. *Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006 til 2008. II. bindi.* FS417-06051. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Uppdráttur Íslands 57 Hekla. 1944. Landsbókasafn Íslands.

Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Án ártals. Sótt af: https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja.

Viðauki: Yfirlitskort

